

Aðalfundur FÍN

Borgartúni 27, Reykjavík, 21. mars 2024, kl. 17:00

18 gestir á staðfundi og 16 gestir í fjarfundi í gegnum Teams-fjarfundarbúnað.

Fundargerð:

Marianna H. Helgadóttir (MHH), formaður FÍN setti fund kl. 17:02.

Gerð var tillaga um að Svava S. Steinarsdóttir tæki að sér fundarstjórn og að Stella Hrönn Jóhannsdóttir tæki að sér að rita fundargerð. Samþykkt með lófataki.

Fundarstjóri tók til starfa og staðfesti réttmæti fundarins.

Gengið var til dagskrár:

1. Formaður flytur skýrslu stjórnar um félagsstarfið á liðnu starfsári.

Formaður FÍN stiklaði á stóru um viðfangsefni félagsins síðast liðið ár. Skýrsla stjórnar er í fylgiskjali með fundargerð.

Formaður þakkaði stjórnar- og nefndarmönnum fyrir störf sín sem og starfsmönnum á skrifstofu FÍN.

Mælendaskrá opnuð. Enginn tók til máls.

2. Lagðir eru fram endurskoðaðir ársreikningar félagsins og kjaradeilusjóðs.

a) Margrét Geirsdóttir (MG), gjaldkeri FÍN, fór yfir endurskoðaðan ársreikning FÍN.

Rekstrarhagnaður FÍN var rúmar 10,4 milljónir króna. Eigið fé félagsins var í lok árs samtals 226,6 milljónir.

b) MG fór yfir endurskoðaðan ársreikning Kjaradeilusjóðs FÍN.

Ekki hefur verið greitt í kjaradeilusjóð í fjölda ára og er því aðeins um ávöxtun fjármuna sjóðsins að ræða. Hagnaður sjóðsins var 13,7 milljónir á árinu en eignir sjóðsins í árslok eru 398,5 milljónir.

Mælendaskrá opnuð um ársreikninga FÍN og Kjaradeilusjóðs FÍN.

Þorkell Heiðarsson tók til máls og lagði til að aðalfundur myndi hugleiða að hækka félagsgjöld um 0,5 punkta úr 0,65% af heildarlaunum í 0,7% þrátt fyrir að félagið standi ágætlega í ljósi þess að fyrirséð er að rekstrarkostnaður félagsins sé að aukast vegna aukins umfangs.

Mælendaskrá lokað.

Kosið var um samþykkt ársreikning FÍN. Ársreikningur FÍN samþykktur með handaupprettingu, 12 á Teams 18 í sal. Enginn var á móti.

Kosið var um samþykkt ársreikning Kjaradeilusjóðs FÍN. Ársreikningur Kjaradeilusjóðs FÍN samþykktur með handauppréttingu, 13 á Teams 18 í sal. Enginn var á móti.

3. Tillögur um lagabreytingar.

Stjórn FÍN lagði fram tillögur um breytingar á ákvæðum 1., 2., 3., 4., og 18 gr. laga félagsins. Formaður FÍN gerði grein fyrir lagabreytingatillögunum og hvað lá til grundvallar þeim.

Tillögur að lagabreytingum eru eftirfarandi:

VAR:

1. gr. Almennt

Félagið heitir Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) og á ensku The Union of Natural Scientists in Iceland. Félagssvæði þess er landið allt. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

VERÐUR:

1. gr. Almennt

Félagið heitir [verður ákveðið á aðalfundi 21. mars 2024*]. Félagssvæði þess er landið allt. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

VAR:

2. gr. Hlutverk

Félagið er stéttarfélag. Hlutverk þess er:

- a. Að vinna að bættum kjörum félagsmanna og gæta hagsmuna þeirra í kjarasamningsbundnum réttindamálum
- b. Að gera kjarasamning fyrir félagsmenn sína, hvort heldur er á almennum markaði eða hjá hinu opinbera.
- c. Að stuðla að samvinnu, samheldni og góðri fagþekkingu félagsmanna.

VERÐUR:

2. gr. Hlutverk

Félagið er stéttarfélag og vill ávallt vera fyrsti valkostur háskólamenntaðra einstaklinga.

Hlutverk þess er:

- a. Að standa vörð um og vinna að bættum kjörum og kjarasamningsbundnum réttindum félagsfólks óháð uppruna þeirra.
- b. Að gera kjarasamning fyrir félagsfólk sitt, hvort heldur er á almennum markaði eða hjá hinu opinbera.
- c. Að tryggja aðgengi félagsfólks að upplýsingum um réttindi og kjör sín og aðra hagsmuni sem tengjast félaginu.
- d. Að vinna að því að bæta réttarstöðu sjálfstætt starfandi sérfræðinga og efla samkeppnishæfni þeirra.
- e. Að stuðla að samvinnu, samheldni og góðri fagþekkingu félagsfólks í gegnum fagfélög þess og að kynna fyrir almenningi mikilvægi starfa félagsfólks.
- f. Að kynna félagið fyrir verðandi/mögulegu félagsfólki og vinna að tengslum við hagsmunafélög.
- g. Að stuðla að og standa vörð um öflugt sjóðakerfi fyrir félagsfólk þvert á markaði.
- h. Að stuðla að sterku trúnaðarmannakerfi á vinnustöðum og miðla fræðslu til félagsfólks.

VAR:

3. gr. Aðildarskilyrði

A. Full aðild

Þeir sem hafa lokið a.m.k. Bakkalár-prófi eða sambærilegri menntun og starfa á þeim sviðum sem félagið hefur samningsumboð fyrir geta fengið fulla aðild að félaginu. Stjórn er heimilt að hafna aðild að félaginu telji hún að félagið geti ekki samið um viðkomandi starf í kjarasamningi.

Full aðild felst í því að viðkomandi hafi hlotið aðild að félaginu, ásamt því að hafa greitt félagsgjald til félagsins sl. 6 mánuði.

B. Nemaaðild

Nemaaðild er tímabundin aðild að félaginu. Nemaaðild varir að hámarki í 5 ár. Nemaaðild veitir full félagsréttindi önnur en kjörgengi.

C. Undanþáguheimildir

Stjórn er heimilt að veita undanþágu frá skilyrði um a.m.k. bakkalárpróf, sbr. A lið, og veita viðkomandi aðila fulla aðild að félaginu krefjist starf viðkomandi prófs á háskólastigi eða ígildi þess. Stjórn er heimilt að veita undanþágu frá Bachelor-prófi sbr. A lið til þeirra sem hafa náð sér í formlega prófgráðu á háskólastigi geti félagið haft samningsumboð vegna viðkomandi starfs. Stjórn skal birta á vefsíðu félagsins veittar undanþágur.

Kjörgengi og kosningarréttur eru háð því að félagsmenn hafa fulla aðild og hafi greitt félagsgjöld til félagsins síðustu 6 mánuði.

VERÐUR:

3. gr. Aðildarskilyrði

A. Full aðild

Þeir sem hafa lokið a.m.k. bakkalár-prófi eða sambærilegri menntun og starfa á þeim sviðum sem félagið hefur samningsumboð fyrir geta fengið fulla aðild að félaginu. Stjórn er heimilt að hafna aðild að félaginu telji hún að félagið geti ekki samið um viðkomandi starf í kjarasamningi.

Full aðild felst í því að viðkomandi hafi hlotið aðild að félaginu, ásamt því að hafa greitt félagsgjald til félagsins sl. 6 mánuði.

B. Nemaaðild

Nemaaðild er tímabundin aðild að félaginu. Nemaaðild varir að hámarki í 5 ár. Nemaaðild veitir full félagsréttindi önnur en kjörgengi.

C. Undanþáguheimildir

Stjórn er heimilt að veita undanþágu frá skilyrði um a.m.k. bakkalárpróf, sbr. A lið, og veita viðkomandi aðila fulla aðild að félaginu krefjist starf viðkomandi prófs á háskólastigi eða ígildi þess. Stjórn er heimilt að veita undanþágu frá bakkalár-prófi sbr. A lið til þeirra sem hafa náð sér í formlega prófgráðu á háskólastigi geti félagið haft samningsumboð vegna viðkomandi starfs. Stjórn skal birta á vefsíðu félagsins veittar undanþágur.

Kjörgengi og kosningarréttur eru háð því að félagsmenn hafa fulla aðild og hafi greitt félagsgjöld til félagsins síðustu 6 mánuði.

VAR:

4. gr. Umsókn

Beiðni um aðild að félaginu skal vera skrifleg/rafræn og send félaginu ásamt afriti af prófskírteini. Framkvæmdastjóri veitir bráðabirgðaaðild að félaginu með fullum félagsréttindum. Vafaatriði eru borin undir framkvæmdastjórn. Allar umsóknir skulu lagðar fyrir næsta stjórnarfund til endanlegrar afgreiðslu. Félagsmenn skulu senda félaginu

upplýsingar um breytingar sem hafa orðið á veittum upplýsingum á umsóknareyðublaði þegar þær breytast.

VERÐUR:

4. gr. Umsókn

Beiðni um aðild að félaginu skal vera skrifleg/rafræn og send félaginu ásamt afriti af prófskírteini. Framkvæmdastjóri veitir bráðabirgðaaðild að félaginu með fullum félagsréttindum. Vafaatriði eru borin undir stjórn. Allar umsóknir skulu afgreiddar af framkvæmdastjórn. Félagsmenn skulu senda félaginu upplýsingar um breytingar sem hafa orðið á veittum upplýsingum á umsóknareyðublaði þegar þær breytast.

VAR:

18. gr. Gildistími

Lög þessi öðlast gildi 30. mars 2023. Jafnframt falla eldri lög félagsins úr gildi.

VERÐUR:

18. gr. Gildistími

Lög þessi öðlast gildi 21. mars 2024. Jafnframt falla eldri lög félagsins úr gildi.

Mælendaskrá opnuð.

Almennar umræður og skoðanaskipti þar sem m.a. kom fram að tillögur að nýju nafni og merki sé hvorki lýsandi fyrir félagið eða góðar hugmyndir og að einkunnarorðin *fagleg, ítarleg, nákvæm* segi ekki neitt um hvað félagið stendur fyrir. Þá sé ekki gott að fella út „íslenskra“ úr nafninu og þó merkið sé gamaldags þá sé það betra en nýtt og sterílt. Hins vegar þarf að hafa í huga að félagið hefur breyst í árána rás og þjónustar nú fjölbreyttari hóp en áður auk þess sem það er í samkeppni við önnur félög um félagsmenn. Því þurfi það að höfða til nýrra félagsmanna og þá má nafn og merki félagsins ekki vera fráhrindandi heldur frekar inngildandi.

Mælendaskrá lokað.

Formaður lagði til eftirfarandi breytingartillögu við tillögu stjórnar er varðar breytingu á 1. gr.:

VAR:

Á stjórnarfundum 20. mars 2024 tók stjórn félagsins þá ákvörðun að leggja til á aðalfundi þann 21. mars 2024 að breyting á nafni félagsins yrði aðeins til kynningar og umræðu og ekki tekin til afgreiðslu tillaga stjórnar um breytingu á 1. gr. laganna sem hefur m.a. með nafn félagsins að gera. Í staðinn er lagt til að boðað verði til aukaaðalfundar 3. maí nk. til að taka fyrir nafn félagsins og leggja til lagabreytingu á 1. gr. því samhliða.

VERÐUR:

Á stjórnarfundum þann 20. mars 2024 tók stjórn félagsins þá ákvörðun að leggja til á aðalfundi þann 21. mars 2024 að breyting á nafni félagsins yrði aðeins til kynningar og umræðu og að tillaga stjórnar um breytingu á 1. gr. laganna, sem hefur m.a. með nafn félagsins að gera, verði ekki tekin til afgreiðslu. Í staðinn er lagt til að fresta afgreiðslu um óákveðinn tíma. Stjórn mun boða til aukaaðalfundar þegar það er tímabært.

Samþykkt með handauppréttingu, 18 í sal og 6 á Teams. Enginn var á móti.

Fundarstjóri lagði til að allar aðrar lagabreytingatillögur en sú sem varðar 1. gr. yrðu bornar upp til samþykktar á sama tíma. Samþykkt með handauppréttingu, 18 í sal og 8 á Teams. Enginn var á móti.

Lagabreytingatillögur er varða 2., 3., 4. og 18 gr. voru bornar upp til samþykktar. Samþykkt með handauppréttingu, 18 í sal og 5 á Teams. Enginn á móti.

Lög FÍN voru borin upp til samþykktar í heild sinni. Samþykkt með handauppréttingu, 18 í sal og 6 á Teams. Enginn var á móti.

4. Ákvörðun um félagsgjöld.

Frá og með 1. apríl 2021 lækkaði félagagjald FÍN úr 0,7% af heildarlaunum niður í 0,65% af heildarlaunum, en ákvörðun þess efnis var tekin á aðalfundi félagsins 25. mars 2021.

Stjórn FÍN gerir tillögu um óbreytt félagsgjöld, þ.e. 0,65% af heildarlaunum.

Mælendaskrá opnuð.

Porkell Heiðarsson tók til máls og ítrekaði þá skoðun sína að félagsgjöld FÍN væru of lág.

Mælendaskrá lokað.

Tillaga stjórnar um óbreytt félagsgjöld borin upp til samþykktar. Samþykkt með handauppréttingu, 17 í sal og 6 á Teams. Einn var á móti.

5. Stjórnarkjör.

a) Í kjöri til 2ja ára:

Formaður FÍN:

- Maríanna H. Helgadóttir, FÍN

Meðstjórn (9):

- Anna Berg Samúelsdóttir, Matís
- Benóný Jónsson, Hafrannsóknastofnun
- Guðrún Nína Petersen, Veðurstofa Íslands
- Sigvaldi Thordarson, Íslenskar orkurannsóknir
- Sindri Birgisson, Mosfellsbær
- Stefán Már Stefánsson, Hafrannsóknastofnun
- Svava S. Steinarsdóttir, Reykjavíkurborg
- Torfi Geir Hilmarsson, Alvotech
- Unnur Magnúsdóttir, Genís

Meðstjórn (1) til eins árs:

- Sigrún Laufey Sigurðardóttir, Landspítali

Sjálfkjörið er í öll ofangreind embætti.

6. Kosning í stjórn kjaradeilusjóðs.

Í kjöri til 2ja ára:

Aðalmaður:

- Ólafur Eggertsson, Land og skógur/Landbúnaðarháskóli Íslands

Sjálfkjörið er í ofangreint embætti.

7. Kosning í stjórn siðanefndar.

Í kjöri til 2ja ára:

Aðalmenn:

- Anna Berg Samúelsdóttir, Matís
- Emelía Eiríksdóttir, Coripharma
- Símon Klüpfel, Axelyf

Varamaður:

- Guðlaug Katrín Hákonardóttir, Háskóla Íslands

Sjálfkjörið er í ofangreind embætti.

8. Önnur mál.

- a) Stefnumótun félagsins og markmiðasetning til ársins 2028.

Formaður FÍN fór yfir stefnumótunarvinnu stjórnar sem gerð var á starfsdegi stjórnar í október 2023 og framtíðarsýn og markmiðasetningu til ársins 2028.

Mælendaskrá opnuð. Engin tók til máls.

- b) Staða kjarasamninga.

Formaður FÍN upplýsti um gang yfirstandandi kjaraviðræðna við Ríki, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga. Samningar FÍN eru lausir í lok mars og búið er að ganga frá viðræðuáætlun við alla samningsaðila. Eiginlegar viðræður eru þó ekki hafnar, þar sem samninganefndir ríkis, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa ákveðið að fara saman í kjaraviðræður og að ekki væri í boði að ræða við einstök félög heldur aðeins bandalög stéttarfélaganna. FÍN hefur ákveðið að vera í samfloti með 12 öðrum BHM félögum, enda líklegra að árangur náist með samstöðunni.

Formaður FÍN benti jafnframt á að háskólamenntaðir hafa kerfisbundið dregist aftur úr í launasetningu og að launastefna opinbera markaðsins sé í raun ósjálfbær og mörkuð af samningsaðilum á almenna markaðinum. Tveir kostir eru því í boði, þ.e. að skrifa undir kjarasamninga sem byggja á sömu launahækkunum og samið var um

á almenna markaðinum og samþykkja þannig áframhaldandi kjararýrnun eða fara í harða kjarabaráttu með mögulegum verkföllum.

Mælendaskrá opnuð.

Þorkell Heiðarsson tók til máls og ræddi lífeyrismál opinberra starfsmanna og hvernig breytingar á þeim frá 2017 hafa leitt til þess að fjöldi þeirra er í raun í vistarböndum því ef þeir færa sig á milli markaða þá missa þeir verðmæt lífeyrisréttindi.

Mælendaskrá lokað.

Fundarstjóri afhenti fundarstjórn til formanns.

Formaður FÍN þakkaði starfsmönnum fundarins fyrir þeirra framlag. Fráfarandi stjórnarmanni voru þökkuð hans störf og honum færð gjöf. Nýjir stjórnarmenn voru boðnir velkomnir.

Ekki var fleira gert og fundi slitið kl. 19:26.

Fylgiskjal með aðalfundargerð

Skýrsla stjórnar - Starfsárið 2023-2024

Síðasti aðalfundur var þann 30. mars 2023. Aðalfundurinn tókst vel og er fundargerð hans aðgengileg á vefsíðu félagsins.

Eftirfarandi stjórnarmenn voru kosnir til tveggja ára á aðalfundi:

Varaformaður FÍN:

Porkell Heiðarsson, Reykjavíkurborg

Fulltrúi trúnaðarmanna:

Björg Helgadóttir, Reykjavíkurborg *

Meðstjórn (8):

Berglind Ósk Alfreðsdóttir, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins**

Berglind Sigurðardóttir, Skipulagsstofnun

Bragi Bergsson, Reykjavíkurborg

Jón Már Halldórsson, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Kristín Hermannsdóttir, Rannís

Margrét Geirsdóttir, Matís

Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Una Bjarnadóttir, Alvotech

Eftirfarandi stjórnarmenn sitja frá fyrra ári:

Formaður FÍN:

Marianna H. Helgadóttir, Félag íslenskra náttúrufræðinga

Meðstjórn (9):

Anna Berg Samúelsdóttir, Matís

Benóný Jónsson, Hafrannsóknastofnun

Guðrún Nína Petersen, Veðurstofa Íslands

Lilja Grétarsdóttir, Hafnarfjarðarbær

Sigvaldi Thordarson, Íslenskar orkurannsóknir

Stefán Már Stefánsson, Hafrannsóknastofnun

Svava S. Steinarsdóttir, Reykjavíkurborg

Torfi Geir Hilmarsson, Alvotech

Unnur Magnúsdóttir, Genis

*var kosin á starfsdegi trúnaðarmanna í 13. apríl 2023.

**Berglind Ósk Alfreðsdóttir sagði sig úr stjórn félagsins í apríl 2023.

Stjórn skipti með sér verkum og skipaði í framkvæmdastjórn, fulltrúa í formannaráð BHM og í Vísindasjóð FÍN. Á fyrsta fundi framkvæmdastjórnar skipti framkvæmdastjórnin með sér verkum.

Í framkvæmdastjórn sitja:

Marianna H. Helgadóttir, formaður

Porkell Hreiðarsson, varaformaður

Stella Hrönn Jóhannsdóttir, ritari

Margrét Geirsdóttir, gjaldkeri

Guðrún Nína Petersen, meðstjórnandi

Í formannaráði BHM sitja:

Aðalmaður: Formaður FÍN

Varamaður: Guðrún Nína Petersen

Í stjórn Vísindasjóðs sitja:

Svava S. Steinarsdóttir, formaður

Lilja Grétarsdóttir, varaformaður

Kristín Hermannsdóttir

Stefán Már Stefánsson

Torfi Geir Hilmarsson

Öllum stjórnarmönnum var kynnt erindisbréf stjórnar. Stjórn ákvað að reglulegir fundatímar stjórnar yrðu fyrsta mánudag í hverjum mánuði á milli kl. 11:15 - 12:45. Stjórn hélt 18 stjórnarfundir á starfsárinu og voru stjórnarfundir ýmist í fjarfundi, staðfundi eða í bland. Fjöldi funda var töluverður miðað við 13 fundi á síðasta starfsári. Ástæðan fyrir fleiri fundum þetta árið var vegna kjarasamningaviðræðna og vegna stefnumótunar félagsins.

Stefnumótun félagsins

Stjórn hélt starfsdag á Hamri í Borgarfirði, þar var farið í stefnumótun á félaginu og einnig voru kröfugerðir FÍN uppfærðar. Einnig voru haldnir voru tveir aukafundir í stjórn vegna stefnumótunar félagsins.

Stjórn ákvað að gera tillögu um breytingu á hlutverki félagsins, móta framtíðarsýn og setja niður markmið ásamt aðgerðaráætlun til ársins 2028. Stjórn ræddi einnig mögulega breytingu á nafni og merki félagsins. Stjórn félagsins var sammála um að fjöldi félagsmanna og fjölbreytni þeirra hefur aukist og mörg tengja ekki lengur við það að vera náttúrufræðingur. Skoðaðar voru kannanir félagsins frá 2017 og 2023 og horft til umræðunnar á stefnumótunardegi stjórnar frá 2021. Niðurstaðan var að mikilvægt væri að breyta nafni félagsins. Mörg telja að skammstöfun félagsins sé góð „FÍN“. Ákveðið var að leggja til á aðalfundi að fella niður heitið Félag íslenskra náttúrufræðinga og kjósa um nýtt nafn á félaginu.

Í febrúar var ákveðið að fá til liðs við okkur höfunda að núverandi merki FÍN til að koma með hugmyndir að breytingu á nafni og merki félagsins. Hugmyndir að nöfnum og merki verða kynntar á aðalfundinum.



Mynd 1: Frá starfsdegi stjórnar að Hamri Borgarfirði. Frá vinstri: Guðrún Nína Petersen, Björg Helgadóttir, Jón Már Halldórsson og Stella Hrönn Jóhannsdóttir.



Mynd 2: Frá starfsdegi stjórnar að Hamri Borgarfirði. Frá vinstri: Unnur Magnúsdóttir, Kristín Hermannsdóttir, Benóný Jónsson, Margrét Geirsdóttir og Una Bjarnadóttir.



Mynd 3: Frá starfsdegi stjórnar að Hamri Borgarfirði. Frá vinstri: Svava S. Steinarsdóttir, Stefán Már Stefánsson, Anna Berg Samúelsdóttir, Sigvaldi Thordarson og Lilja Grétarsdóttir.



Mynd 3. Frá starfsdegi stjórnar að Hamri Borgarfirði. Frá vinstri: Orri Þrastarson, verkefnastjóri FÍN og Runólfur Vigfússon, lögfræðingur FÍN.

Samantektir úr fundargerðum stjórnarfunda er aðgengilegar á vefsíðu félagsins.

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn hélt 13 fundi á starfsárinu og fundaði að jafnaði föstudaginn fyrir stjórnarfund.

Rekstraráætlun FÍN árið 2023 og 2024

Gert var ráð fyrir 147,5 m.kr. í rekstrartekjur og 160,5 m.kr. í rekstrargjöld árið 2023. Fyrir árið 2024 er gert ráð fyrir 156 m.kr. í tekjur og 183,5 m.kr. í rekstrargjöld, gert er ráð fyrir að fjármagna rekstrarhalla úr sjóðum félagsins.

Ársreikningur félagsins 2023

Iðgjöld til félagsins árið 2023 námu 154,3 m.kr. og þar af greiðir félagið um það bil 41,5 m.kr. til Bandalags háskólamanna og einnig um það bil 6,0 m.kr. í Húsfélag BHM. Gert var ráð fyrir að félagið myndi skila árinu 2023 um að bil 13,0 m.kr. tapi en félagið skilaði um það bil 10,4 m.kr. hagnaði. Eignir félagsins er um það bil 241,2 m.kr. og þar af bókfært verðgildi húsnæðisins um það bil 47,4 m.kr.

Þóknunareiningar

Þóknunareiningar voru endurskoðaðar á árinu. Greiddar eru þóknunareiningar fyrir fundarsetu í stjórn, framkvæmdastjórn, stjórn kjaradeilusjóðs, stjórn Vísindasjóðs og stjórn Siðanefndar. Hver eining var 8.612 kr. árið 2023 en greitt er að lágmarki 2 einingar fyrir hvern fund. Einnig er greitt fyrir

fundarsetu á aðalfundi BHM og á stefnumótunarþingi BHM. Greiddur er ferðakostnaður samhliða staðfundi. Einnig er ferðakostnaður greiddur fyrir trúnaðarmenn á starfsdag trúnaðarmanna.

Vísindasjóður

Stjórn Vísindasjóðs hittist fimm sinnum á starfsárinu. Meginviðfangsefni stjórnar er að ákveða úthlutanir, leysa úr vafamálum og hafa yfirumsjón með úthlutunum úr sjóðnum.

Í sjóðinn er greitt iðgjald sem um nemur 1,5% af heildarlaunum félagsmanna sem starfa hjá sveitarfélögunum og félagsmanna sem samið hafa um iðgjöld í sjóðinn á almenna markaðnum. Af félagsmönnum sem starfa hjá Reykjavíkurborg er greitt 1,6% iðgjald af heildarlaunum.

Stjórn Vísindasjóð lagði fyrir stjórn FÍN tillögu um að breyta úthlutun úr sjóðnum með þeim hætti að ekki yrði lengur föst fjárhæð til úthlutunar miðað við starfstíma og starfshlutfall heldur var ákveðið að greiða út til sjóðfélaga þá fjárhæð sem var lögð inn til sjóðsins vegna þeirra fyrir tímabilið 1. nóvember – 31. október ár hvert. Stjórn FÍN var hlynnt þeirri breytingu.

Þau leiðu mistök urðu að launamiðar vegna Vísindasjóðs rötuðu ekki inn í forskráningu á skattaskýrslu. Upplýsingar um það voru sendar til félagsmanna ásamt leiðbeiningum um að handskrá styrkinn inn. Launamiðar hafa nú verið sendar til skattsins.

Kjaradeilusjóður

Eftirfarandi stjórnarmenn voru kosnir til tveggja ára á aðalfundi:

Aðalmenn:

Friðþjófur Árnason, Hafrannsóknastofnun

Bergljót Einarasdóttir, Kópavogsbær

Eftirfarandi stjórnarmenn sitja frá fyrra ári:

Aðalmenn:

Ólafur Eggertsson, Land og Skógur

Jafnframt sitja eftirfarandi embætti úr stjórn FÍN í sjóðnum:

Aðalmenn:

Formaður FÍN


Gjaldkeri FÍN

Varamenn:

Varaformaður FÍN

Ritari FÍN

Stjórn Kjaradeilusjóðs fundaði ekki á starfsárinu. Meginviðfangsefni Kjaradeilusjóðs er ávöxtun fjármuna sjóðsins en um sl. áramót var eigið fé um það bil 398,6 m.kr. Ekkert fjármagn var lagt inn í sjóðinn á árinu og **hækkun var á eigin fé** sem nam tæplega 3,6%.



Mynd 2. Eigið fé árin 2020, 2021, 2022 og 2023 ásamt hagnaði/tapi sömu ár.

Siðanefnd

Siðanefnd setti siðareglur náttúrufræðinga árið 2011. Siðanefnd tekur til umfjöllunar þau meintu brot sem kærð eru til hennar.

Eftirfarandi nefndarmenn voru kosnir til tveggja ára á aðalfundi:

Aðalmenn:

Berglind Sigurðardóttir, Skipulagsstofnun
Páll Sigurðsson, Land og skógur

Varamaður:

Jóna Freysdóttir, Landspítali

Eftirfarandi nefndarmenn sitja frá fyrra ári:

Aðalmenn:

Anna Berg Samúelsdóttir, Matís
Emelía Eiríksdóttir, Coripharma
Símon Klüpfel, Orkuveita Reykjavíkur

Varamaður:

Guðlaug Katrín Hákonardóttir, Háskóli Íslands

Siðanefnd hittist ekkert á starfsárinu. Ekkert brot var kært til siðanefndar.

Starfsdagur trúnaðarmanna og stjórnar

Tveir starfsdagar trúnaðarmanna voru haldnir á árinu 2023, í apríl og nóvember.

Vinnustaðafundir

Alls voru átta vinnustaðafundir haldnir á árinu, flest allir hjá ríkisstofnunum, einn á almennum markaði og einn hjá stofnun sveitarfélags.

FÍNN - Vísindaferðir

Ein vísindaferð var haldin fyrir háskólanema á starfsárinu.

Auglýsingastyrkir

Félagið styrkti ráðstefnu um arkitektúr sem var í samvinnu við Listaháskóla Íslands upp á 150.000 kr og styrkti eitt nemendafélag um 50.000 kr.

Styrkir frá Starfsþróunarsetri háskólamanna

Félagið fékk styrki frá Starfsþróunarsetri háskólamanna vegna starfsmatsferðar til Bretlands fyrir tvo starfsmenn og tvo stjórnarmenn. Einnig fékk félagið styrk vegna erindis sem haldið var á starfsdegi trúnaðarmanna.


Nýir félagsmenn og fjöldi félagsmanna FÍN á vinnumarkaði

Á starfsárinu frá 31. mars 2023 til 21. mars 2024 sóttu 156 um fulla aðild að félaginu og tveir sóttu um nemeaðild. Einn sagði sig úr félaginu á starfsárinu. Veittar voru tvær undanþágur á árinu.


Hlutfall greiðandi eftir vinnumörkuðum

Fjöldi greiðandi félagsmanna fjölgaði um 118 á milli ára. Af þessum 2.328 (2.210) aðilum sem greiða iðgjöld til félagsins eru almennir starfsmenn 1.046 (1.021). Hjá ríkinu eru þeir 903 (878), hjá

Reykjavíkurborg 71 (73) og hjá sveitarfélögum 84. Alls eru 71 sem taka laun skv. tengisamningum, þ.e. tengja sig við kjarasamninga FÍN og ríkisins/SFV. Alls þiggja 16 (26) atvinnuleysisbætur og 72 (74) eru í fæðingarorlofi. Á mynd 6 má sjá þróun á fjölda greiðandi félagsmanna í janúar ár hvert, frá 2021 til 2024. Á mynd 7 má sjá fjölda greiðenda og hlutfall á hverjum markaði.



Mynd 6: Fjöldi greiðandi félagsmanna á árinu 2021, 2022, 2023 og 2024.



Mynd 7: Fjöldi greiðandi í janúar 2024 á vinnumarkaði og hlutfall á hverjum markaði fyrir sig.

Atvinnulausir félagsmenn, styrkir til atvinnulausra og endurgreiðsla ævigjalds í OBHM

Fjöldi atvinnulausra félagsmanna í janúar 2024 voru 16 samanborið við 26 árið 2023. Því hefur fækkað fjölda félagsmanna FÍN sem eru á atvinnuleysissskrá milli ára.

Alls voru afgreiddir þrjú styrkir til atvinnulausra á starfsárinu (þar af einn vegna Lífs og sálar) samanborið við fjóra styrki á fyrra starfsári.

Enginn styrkur var greiddur út vegna endurgreiðslu ævigjalds í Orlofssjóð BHM á starfsárinu samanbórið við fimm styrki á fyrra starfsári.

Skipun samninganefnda FÍN vegna kjarasamninga

Skipaðir voru sérstaklega fulltrúar úr stjórn í samninganefndir fyrir ríki, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga eftir aðalfund, en aðalsamninganefnd félagsins samkvæmt lögum er stjórn félagsins.

Formaður samninganefnda:

Marianna H. Helgadóttir, formaður

Samninganefnd við Ríkið (SNR)

Varaformaður: Runólfur Vigfússon

Annar varaformaður: Guðrún Nína Petersen

Aðrir fulltrúar: Benóný Jónsson, Berglind Sigurðardóttir, Jón Már Halldórsson, Kristín Hermannsdóttir, Sigvaldi Thordarson, Stefán Már Stefánsson

Samninganefnd við Reykjavíkurborg (Rborg)

Varaformaður: Þorkell Heiðarsson

Annar varaformaður: Svava S. Steinarsdóttir

Aðrir fulltrúar: Björg Helgadóttir

Samninganefnd við Samband íslenskra sveitarfélaga (SNS)

Varaformaður: Orri Þrastarson

Annar varaformaður: Stella Hrönn Jóhannsdóttir

Aðrir fulltrúar: Lilja Grétarsdóttir

Samninganefnd við Samtök atvinnulífsins (SA)

Varaformaður: Runólfur Vigfússon

Annar varaformaður: Margrét Geirsdóttir

Aðrir fulltrúar: Anna Berg Samúelsdóttir, Bragi Bergsson, Torfi Geir Hilmarsson, Una Bjarnadóttir, Unnur Magnúsdóttir

Þessu til viðbótar var gengið frá kjarasamningi við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu og Runólfur Vigfússon leiddi þá vinnu fyrir félagið, en félagið hefur ekki haft aðild að þeim samningi.

Staða kjarasamninga

Haustið 2022 vann félagið kröfugerð fyrir ríkið, Reykjavíkurborg og sveitarfélög. Félagið gekk frá kjarasamningum við fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs (ríkinu), Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg og renna allir samningarnir út þann 31. mars 2024. Félagið gerði í fyrsta skipti kjarasamning við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu í samfloti við önnur BHM félög. Fundað var reglulega með viðsemjendum vegna verkáætlaða á starfsárinu, þeirri vinnu er ekki lokið en á að vera lokið 31. mars 2023.

Félagið uppfærði síðustu kröfugerðir á starfsdegi stjórnar í október sl. og síðan þá hefur verið gengið frá viðræðuáætlunum við hvern og einn viðsemjanda. Kröfugerðir áttu að vera tilbúnar í nóvember 2023 samkvæmt verkáætlunum í kjarasamningum og stjórn FÍN gekk frá kröfugerðum í byrjun desember á síðasta ári.

Formaður BHM lagði til ákveðið fyrirkomulag um komandi kjaraviðræður sem fólst í því að samningsumboð eða viðræðuumboð yrði veitt formanni BHM. Stjórn FÍN lagði hins vegar til að félag myndu veita umboð til viðræðunefndar BHM og að formaður FÍN eigi sæti í þeirri nefnd. Jafnframt lagði stjórn FÍN áherslu á að þeir þættir sem eru í verkáætlun BHM, þ.e. betri vinnutími í vaktavinnu, betri vinnutími í dagvinnu, veikindaréttarkafllinn, bakvaktir og ráðning í tímavinnu, verði kláraðir samhliða viðræðum um launalið og forsendukafla. Ekki hefur náðst samkomulag um þessa leið.

FÍN hefur haft forgöngu um að funda með öðrum BHM félögum um mögulegt samflot/samvinnu í komandi viðræðum á opinbera markaðnum. Formaður FÍN boðaði til fundar með öllum aðildarfélögum BHM og niðurstaðan var sú að 13 félag hafa hug á því að vera í samstarfi um gerð kjarasamninga við ríkið. Varðandi Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga þá virðast þessi 13 félag, þ.e.a.s. þau af þessum 13 félögum sem eiga félagsmenn hjá þessum viðsemjendum, vera hliðhollir samstarfi við gerð kjarasamninga.


Stofnanasamningar

Alls er félagið með 82 stofnanasamninga sem er fjölgun um 9 stofnanir frá síðasta ári. Ástæða fjölgunarinnar er að um er að ræða sameiningar stofnana og munu 7 stofnanasamningar falla úr gildi við undirritun nýrra samninga sem eru í vinnslu. Á árinu 2023 var gengið frá 5 stofnanasamningum. Sjá nánari sundurliðun á mynd 10.

Viðmiðunardagsetning 1.6.2016	
Hversu margir stofnanasamningar eru gerðir eftir viðmiðunardagsetningu	48
Hversu margir stofnanasamningar eru gerðir fyrir viðmiðunardagsetningu	13
Hversu margir stofnanasamningar eru í gangi	4
Hversu margir stofnanasamningar eru í bið	6
Hversu margir stofnanasamningar eru á lokametrunum	1
Hvað eru margir stofnanasamningar með viðauka eftir viðmiðunardagsetningu	2
Hvað eru margar stofnanir án stofnanasamnings við FÍN	13
Samtala stofnanasamninga sem þörf er á að gera samning við	74
Fjöldi stofnana sem þarf að skoða sérstaklega	4
Fjöldi stofnana með sem þarf að fylgjast með	8
Fjöldi stofnana með "enga" félagsmenn í "dag"	16
Samtala stofnanasamninga	82
Nýjar stofnanir á lista	9

Fjöldi stofnanasamninga sem lokið er á hverju ári er mjög mismunandi. Á mynd 11 er yfirlit um undirritaða stofnanasamninga hvert ár. Á árinu 2023 voru undirritaðir 5 samningar en mest hefur félagið náð að undirrita 14 samninga á einu ári.

← Mynd 10. Fjöldi stofnanasamninga og staða þeirra.



Mynd 11. Fjöldi undirritaðra stofnanasamninga hvert ár.

Starfsmatkerfi sveitarfélaga

Innleiðing starfsmats hjá Reykjavíkurborg er sú að öll viðtöl sem taka á vegna innleiðingar starfsmats hjá borginni er lokið. Næstu skref eru að meta störf til starfsmatsstiga af starfsfólki Jafnlaunastofu sem leggur það mat fyrir [Framkvæmdanefnd starfsmats](#) og þar er starfið lagt fram og þá gefst félaginu kostur á að koma með athugasemdir.

Varðandi starfsmat sveitarfélaga þá er þeirri innleiðingu lokið en það voru nokkur störf sem röðuðust hærra en starfið var metið og þeim störfum var haldið utan starfsmatskerfisins og þau störf kölluð C störf. Umræða hefur verið um þessi C störf, samkvæmt verkáætlun, en ekki sér til lands í því.

FÍN, tveir starfsmenn og tveir stjórnarmenn sótti námsferð faglegrar stjórnarsamstarfsmats til London í Bretlandi á síðasta ári ásamt sérfræðingum frá Jafnlaunastofu, Framkvæmdanefndar starfsmats og sérfræðingar stéttarfélaga.

Kjarasamningur við Samtök atvinnulífsins

Samningurinn gildir þar til nýr verður gerður. Fylgiskjöl/eyðublöð við kjarasamning SA hafa þau verið þýdd á ensku og er enn verið að reyna að finna lausn á lokuðu svæði fyrir skjölin sem yrðu aðgengileg fyrir félagsmenn aðildarfélaga BHM. Líklega munu þessi skjöl verða aðgengileg á vefsvæði stéttarfélaga sem er í vinnslu sem hefur vinnuheitið „Mitt stéttarfélag“. Unnið er að kröfugerð fyrir almenna markaðinn.

Engir fundir hafa verið haldnir með aðildarfélögum BHM og Samtökum atvinnulífsins á starfsárinu.

Jöfnun launa milli markaða 7. gr.

Gengið var frá samkomulagi milli heildarsamtakanna, BSRB, BHM og KÍ, annars vegar og viðsemjenda, ríki og sveitarfélög, hins vegar.

Samkomulagið snýr að fyrsta áfanga um jöfnun launa á milli markaða sem samið var um árið 2016 þegar breytingar voru gerðar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna.

Á árinu var gengið frá jöfnun launa fyrir félagsmenn okkar á Landspítala í samræmi við ofangreint samkomulag. FÍN er búið að fá upplýsingar um næstu skref í jöfnun launa á opinbera markaðinum sem felast í því að starfsaldurshækkarnir í stofnanasamningum fari inn í grunnlaun og hækki þau þannig. Stofnanasamningurinn við Landspítala var uppfærður samhliða.

Von var á nýju áfangasamkomulagi um mánaðarmótin janúar/febrúar 2024 en vinna að nýju samkomulagi stendur enn yfir. Samkvæmt formanni BHM hefur verið unnið þétt undanfarið en ekkert efnislegt liggur fyrir.

Verfallslistar

Félagið hefur haft upp varnir gagnvart ríki og sveitarfélögum vegna auglýsinga um störf sem eru undanþegin verkföllum. Samkomulag náðist um flest öll störf en ástæða var til að andmæla eftirfarandi starfi sem var auglýst sem starf undanþegin verkföllum:

Landspítali – Náttúrufræðingur á Erfða- og sameindalæknisfræðideild

Stjórn á eftir að taka afstöðu til þess hvort tilefni sé að fara með þetta starfsheiti fyrir Félagsdóm.

Beiðnir til stjórnar FÍN um greiðslu lögfræðikostnaðar

Alls bárust 4 beiðnir um greiðslu lögfræðikostnaðar vegna:

- a) Félagaskipti – Samþykkt - Félagið tapaði málinu
-Stjórn ákvað að fara með málið fyrir Mannréttindadómstól Evrópu
- b) Bráðabirgðaröðun vegna innleiðingar starfsmats hjá Reykjavíkurborg -Samþykkt - Sættir náðust
- c) Ráðning í starf – viðkomandi telur sig vera hæfari en þann sem var ráðinn
-Frestað - lögfræðingi falið að vinna frekar í málinu
- d) Menntunarákvæði – mat á diplómanámi -Samþykkt – Í vinnslu

Eldri mál í vinnslu

- Skaðabætur vegna staðfests eineltis á vinnustað – Stjórn samþykkti að tryggja félagsmanni skaðleysi af málsókn gegn því að jákvæð niðurstaða komi um beiðni viðkomandi um gjafsókn. Verði gjafsókn hafnað mun stjórn FÍN taka málið upp að nýju og ákveða hvort málinu verði fram haldið. – Mál í vinnslu.
- Ólögmet uppsögn á opinberum markaði - mál fyrir héraðsdómi – mál tapaðist fyrir héraðsdómi í mars 2023 – Málinu hefur verið áfrýjað til Landsréttar.

Eldri málum lokið

- Innheimtumál vegna tímabanka – Tvö mál - greiðsluáskoranir hafa verið sendar – Sættir náðust – Dæmt um málskostnað - Máli lokið

Umsagnir

Formaður og starfsfólk FÍN sendu fjölmargar umsagnir til stjórnvalda vegna frumvarpa eða áforma um laga- og reglusetningu. Eftirfarandi umsagnir fóru frá félaginu:

- Áform um niðurlagningu Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar og sameining hennar undir Háskólann á Akureyri, Mál S-22/2024
- Frumvarp um sameiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands, Landmælinga Íslands og Náttúruvannsóknarstöðvarinnar við Mývatn Mál nr. 166/2023
- Frumvarp um Loftlagsstofnun – samruni Orkustofnunar og starfsemi Umhverfisstofnunar er lýtur að umhverfis- og loftlagsmálum, Mál nr. 168/2023
- Frumvarp um Náttúruverndar- og minjastofnun – samruni náttúruverndarhluta Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar, Vatnajökulsþjóðgarðs og Þjóðgarðsins á Þingvöllum í nýja stofnun, Mál nr. 168/2023
- Áform um endurskipulagningu stofnana umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytisins, Mál nr. 170/2023
- Drög að reglum um starfslokasamninga við starfsmenn ríkisstofnana, mál nr. 176/2023
- Drög að reglum um ráðgefandi nefndir er meta hæfni umsækjenda um störf forstöðumanna, S-178/2023
- Áform um sameiningu 10 stofnana umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytisins, mál nr. 103/2023

Náttúrufræðingar á Norðurlöndunum

FÍN er aðili að Nordiska landbruksakademikerráðet (NLR) sem er samstarf náttúrufræðinga á Norðurlöndunum. Í fyrra voru það Danir sem buðu heim og settu niður þema heimsóknarinnar en þeir vildu ræða um hvernig við getum miðlað til hvors annars hvernig við stöndum að markaðssetningu og hvernig við getum hvatt hvort annað áfram í að kynna/markaðssetja hæfileika og sérfræðisvið félagsmanna okkar.

Næst er röðin komin að Norðmönnum en þeir bjóða til fundarins í Þrándheimi 17. – 19. júní.

Lög félagsins

Á síðasta aðalfundi FÍN var tillaga stjórnar tekin fyrir um ákvæði í lögum félagsins er varða undanþágur frá aðildarskilyrðum. Engar tillögur um breytingar á lögum félagsins bárust frá félagsmönnum fyrir 1. febrúar 2024.

Aðalfundur Bandalags háskólamanna (BHM)

Aðalfundur BHM var haldinn 25. maí 2023 og eru aðalfundargögnin aðgengileg [hér](#).

Formaður BHM, Kolbrún Halldórsdóttir, var kosin á aðalfundi BHM í maí 2023 og hún kom á fund stjórnar í september 2023 og kynnti sig og sínar áherslur varðandi starfsemi BHM. Hún ræddi um „græna kjarasamninga“ sem felast m.a. í því að launþegar geti gert kröfur á launagreiðendur um að breyta umgengni við umhverfið því til hagsbóta. Einnig var rætt um húsnaði BHM, fjarvinnusamninga og ýmsar tæknilausnir sem ættu að skila starfsfólki ábata í sínum kjörum. Fram kom í máli hennar að stjórn BHM hafi tekið ákvörðun um að fara úr húsnaðinu í Borgartúni 6, markmiðið sé að fækka fermetrum sem þarf undir starfseminna. Formannaráðsfundir voru alls 9 á tímabilinu 2023 til 2024.

Rafræn fræðsla BHM lokuðu svæði

Fjölbreytt fræðsla er félagsmönnum aðildarfélaga BHM aðgengileg.

Þess má geta að BHM hefur samið við fræðslufyrirtækið Akademias um aðgang að rafrænum [fyrirtækjaskóla](#) þess fyrir félagsmenn aðildarfélaga BHM. Akademias er rafrænn vettvangur fyrir menntun og þjálfun sem býður upp á fjölda lengri og styttri námskeiða og námslína.

Tilnefningar FÍN í stjórnir, sjóði og nefndir BHM

Stjórn FÍN tilnefndi Þorkel Heiðarson í framkvæmdastjórn BHM og Sigvalda Thordarson í Jafnréttisnefnd BHM. Formaður FÍN var kosinn í Starfsþróunarsetur háskólamanna

Húsnaðismál

Þann 1. nóvember sl. flutti félagið úr Borgartúni 6 í Borgartún 27, 2. hæð. Um er að ræða leiguhúsnaði og rennur leigusamningurinn út sumarið 2025, en við eigum forleigurétt á húsnaðinu verði það áfram til leigu. Ákveðið hefur verið að setja Borgartún 6 í söluferli og þegar húsnaðið hefur verið selt þá mun stjórn félagsins taka ákvarðanir um næstu skref.

Starfsfólk á skrifstofu

Á skrifstofu félagsins starfa að jafnaði þrjú starfsmenn í fullu starfi. Nú starfa hjá félaginu Marianna H. Helgadóttir, formaður félagsins og framkvæmdastjóri, Runólfur Vigfússon, lögfræðingur og Orri Þrastarson, verkefnastjóri.

Opnunartími skrifstofu

Opnunartími skrifstofunnar er milli kl. 11:00 – 12:00 þriðjudaga og fimmtudaga og frá kl. 13:00 – 14:00 á mánudögum og miðvikudögum. Lokað er á föstudögum. Símatími er á sama tíma. Öllum tölvupósti sem berst á netfangið fin@fin.is á að svara innan tveggja virkra daga. Skipulögð viðtöl við félagsmenn eru þó hvenær sem er innan dagsins. Með þessu móti þá geta félagsmenn gengið að þjónustunni þegar hún er í boði og hægt er að veita hana í stað þess sem að starfsmenn hafa oft ekki verið við eða getað tekið síma vegna annarra starfa, s.s. vegna viðtala við félagsmenn eða fundasetu. Reynsla af þessu fyrirkomulagi er góð á skrifstofu FÍN, en þess má geta að við svörum símanum og tókum á móti félagsmönnum ef við erum laus þó að við séum með skilgreinda opnunartíma.

Vefsíða FÍN/lén fin.is

Unnið er að gerð vefsvæðis sem hefur vinnuheimið „Mitt stéttarfélag“, en hugsunin er að þar sé hægt að byggja upp mínar síður viðkomandi aðildarfélags BHM sem yrði hluti af síðum BHM sem heitir „Mínar síður“. Kostnaður vegna þessa verkefnis fyrir félagið er 67.000 kr. á starfsárinu.

Ljóst er að við þurfum að uppfæra vefsíðu félagsins á árinu og því hefur verið ákveðið að ráða starfsmann í átaksverkefni í vef- og kynningarmálum félagsins og ráðning verður til tveggja ára.

Persónuverndarstefna

BHM og FÍN er með sama persónuverndarfulltrúa og félagið vinnur jafnt og þétt að gerð vinnsluskráa/skráningu verkferla í samráði við hann.

Ársreikningur FÍN og félagsgjöld

Endurskoðendur Ernst og Young (EY) hafa sameinast Deloitte og hafa því tekið við endurskoðun á bókhald félagsins og stillt upp ársreikningi og var hann undirritaður rafrænt. Hagnaður er á rekstri félagsins á síðasta ári. Lagt er til á aðalfundi að halda félagsgjöldum óbreyttum eða 0,65% af heildarlaunum.

Framboð á aðalfundi FÍN

Samkvæmt lögum félagsins þurfa félagsmenn að bjóða sig fram fyrir 1. febrúar hvert ár vilji þeir bjóða sig fram til embætta á vegum félagsins. Reynslan hefur verið sú að fleiri sæti þarf að fylla en félagsmenn sækjast eftir, svo stjórn hefur að jafnaði þurft að finna einstaklinga í laus embætti. Þetta er ekki óskastaða en stjórn FÍN reynir að gæta að því að stjórnarmenn komi af öllum vinnumarkaðinum. Sjálfkjörið er í öll embætti í ár.

Þakkir

Ég óska fráfarandi stjórnar- og nefndarmönnum farsældar í framtíðinni og býð samhliða því nýja félagsmenn velkomna í stjórn og nefndir á vegum félagsins. Ég vil einnig þakka starfsfólki fyrir þeirra framlag til félagsins, en starf þeirra er ómetanlegt fyrir okkar félagsmenn.